

Alþingi
Erindi nr. B.117/11723
komudagur 5/5 1994



Alþingi,
bt. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. maí 1994.

Samtökum iðnaðarins hefur verið send til umsagnar þingsályktunartillaga um
sumartíma, skipan frídaga og orlofs, 435. mál.

Sumartími.

Samtök iðnaðarins geta út af fyrir sig tekið undir þau rök sem koma fram í greinargerð
tillögunnar að vegna tímamunar sé skammur sá tími sem Íslendingar hafa á degi
hverjum til að eiga samskipti við fyrirtæki og stofnanir í Vestur Evrópu. Það er hins
vegar ástæða til að benda á, að ef að sú breyting sem þingsályktunartillagan gerir ráð
fyrir verður að veruleika, verður enn meiri munur á opnunartíma fyrirtækja og
stofnanna í Ameríku og hér á landi en verið hefur. Draga verður í efa að slík breyting sé
æskileg, en á árinu 1993 var 16% af útflutningsvörum okkar flutt út til Bandaríkjanna
og innflutningur þaðan nam um 9% af heildarinnflutningi til landsins. Það er því einnig
og ekki síður mikilvægt að samskipti okkar vestur um haf geti gengið greiðlega fyrir
sig.

Skipan frídaga.

Vel má taka undir þau rök sem fram koma í greinargerðinni að hinir föstu frídagar sem
ber upp á fimmtudaga geti skapað erfiðleika í atvinnulífi. Þar sem að þetta fyrirkomulag
ódrýgir vinnuvikurnar lýsa Samtök iðnaðarins sig fylgjandi því að möguleikar á
breytingum á þessari skipan verði kannaðir.



Vetrarorlof.

Í gildandi lögum um orlof segir að meginreglan skuli vera að veita skuli orlof í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Jafnframt segir að heimilt sé að semja svo um í kjarasamningum að hluti orlofs sé tekinn utan þessa tíma. Samtök iðnaðarins taka undir það sem tillagan gengur út á, að gerð verði rækileg úttekt á því hvort skynsamlegt sé að breyta lögum um orlof á þann veg að hluti orlofs verði tekinn utan hins hefðbundna sumarleyfistíma.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri.